

Ed.

476. Frumvarp til laga

[170. mál]

um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Flm.: Hermann Jónasson, Björn Kristjánsson.

I. KAFLI

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar verðlagsstjóra, á þann hátt er síðar greinir í lögum þessum, til þess að hafa eftirlit með verðlagi í landinu.

2. gr.

Verðlagsstjóri skal skipaður með eftirfarandi hætti.

Stjórn Stéttarsambands bænda, Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kvenfélagasambands Íslands tilnefna hver um sig einn mann í nefnd, er gerir tillögur um skipun verðlagsstjóra.

Afl atkvæða ræður úrslitum í nefndinni. Ef atkvæði eru jöfn, sker ríkisstjórnin úr.

Ríkisstjórnin skipar verðlagsstjóra samkvæmt tillögum nefndarinnar, og verðlagsstjóri ræður starfsmenn sína og trúnaðarmenn í samráði við hana.

3. gr.

Verðlagsstjóra er skylt að gera ýtarlegar og rökstuddar tillögur til fjárhagsráðs um verðlag í landinu, álagningu og hver verðlagsákvæði skuli þar um sett.

Tillögur þessar getur verðlagsstjóri gert, hvenær sem hann telur þess þörf, enda getur fjárhagsráð kafið hann um slíkar tillögur, eftir því sem þurfa þykir.

4. gr.

Fjárhagsráð skal að fengnum tillögum verðlagsstjóra ákveða hámarksverð á hvers konar vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu.

Verðlagsákvæðanir allar skulu miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur.

Fjárhagsráð getur úrskurðað um hverja þá kostnaðarliði, er máli skipta um verðlagningu á ávörum.

Þá getur fjárhagsráð og ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Enn fremur getur fjárhagsráð ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun, aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttafélaga.

Verðlagsstjóri á sæti í fjárhagsráði, er ákvæðanir eru þar teknar samkvæmt ákvæðum greinar þessarar. Hann hefur þar tillögu- og atkvæðisrétt. Afl atkvæða ræður úrslitum, en atkvæði formanns, séu atkvæði jöfn.

5. gr.

Fjárhagsráð getur að meira eða minna leyti fengið verðlagsstjóra í hendur vald til að framkvæma í sínu umboði þær verðlagsákvæðanir, sem ræðir um í 4. gr.

6. gr.

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis eða smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð er. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

7. gr.

Eftir gildistöku þessara laga má verðlag ekki hækka í neinu því, sem háð er verðeftirliti samkvæmt 4. gr., nema með leyfi fjárhagsráðs. — Bann þetta gildir þó ekki um vörur, sem verðlagðar eru samkvæmt gildandi verðlagsákvæðum.

8. gr.

Allar verðlagsákvæðanir, sem samþykktar eru af fjárhagsráði, skulu birtar af verðlagsstjóra þegar í stað og ganga í gildi jafnskjótt og gilda þar til öðruvísi er ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar þannig, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til.

9. gr.

Verðlagsstjóri og starfsmenn hans skulu hafa eftirlit með því, að verðlagsákvæðunum sé hlýtt. — Verðlagsstjóri hefur á hendi allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið. — Ef upp rís ágreiningur um skilning á verðlagsákvæðum, sker fjárhagsráð úr, þó getur verðlagsstjóri skotið þeim úrskurði til dómstólanna, sbr. næsta kafla þessara laga.

10. gr.

Verðlagsstjóri og þeir, sem með verðlagseftirlit fara samkvæmt lögum þessum, geta krafist hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsyn í starfi sínu, enda hvílir á þeim þagnarskylda um þau atriði, er þeir komast að í greindu starfi, og er þeim bannað að skýra óviðkomandi frá því, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum alm. hegningarlaga um opinbera starfsmenn.

II. KAFLI

11. gr.

Sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, skal fara með og dæma mál út af brotum á lögum þessum.

12. gr.

Í verðlagsdómi eiga sæti 3 menn: Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og tveir meðdómendur, sem skulu tilnefndir af nefnd þeirri, er um ræðir í 2. gr. laga þessara. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Í kaupstöðum skulu meðdómendur skipaðir til eins árs. Annars staðar skulu þeir tilnefndir til meðferðar hvers einstaks máls, og skal sami aðili og að framan greinir tilnefna varadómendur.

13. gr.

Dómsmálaráðherra tilkynnir, hvenær tilnefning meðdómenda skuli fara fram. Ef aðili hefur ekki tilkynnt ráðherra innan viku frá því tilkynning um tilnefningu barst honum, tilnefnir ráðherra meðdómenda af hálfu þess aðila.

14. gr.

Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi:

1. Nægileg andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

Um vanhæfni meðdómenda dæmir héraðsdómari, en skjóta má úrslausn hans til hæstaréttar eftir reglunum um kæru.

15. gr.

Málsmeðferð fyrir verðlagsdómi fer að hætti opinberra mála.

16. gr.

Dómping verðlagsdóms skulu vera opinber, nema dómur ákveði annað.

17. gr.

Í verðlagsdómi ræður afl atkvæða úrslitum.

Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir.

18. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði, verðlagsstjóra eða embættis- og starfsmönnum þeim, sem þessir aðilar til þess setja, í té skýrslur þær, er honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal sæta 20—200 króna dagsektum.

Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur visvitandi eða vegna vitaverðs gáleysis, sæti fangelsisrefsingu allt að 4 árum.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum eða samþykktum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða afbrot er ítrekað, skal sökunautur sæta fangelsi allt að 4 árum og sviptur atvinnurétti um stundar sakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal heimil vera.

Ákvæði til bráðbirgða.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá niður umboð verðlagsstjóra, starfsmanna hans í verðlagseftirliti og trúnaðarmanna.

Greinargerð.

Flutningsmönnum þessa frumvarps er það ljóst, að til þess að útrýma svörtum markaði, útrýma okri og skapa heilbriggt verðlag á þeim vörum, sem nú er mestur skortur á eða almenningur sækist eftir meir en framboð þolir, er verðlagseftirlit og þungar refsingar fyrir verðlagsbrot ekki einhlítt. Fyrsta skrefið, sem stíga þarf, er, að landsmenn öðlist að nýju frelsi til að kaupa nauðsynjar sýnar þar, sem þeir óska, velja milli verzlana, stofna samtök og láta þau vaxa óhindrað til þess að annast sjálfir innkaup neyzluvöru sinnar, eða verzla við kaupmenn, eftir því sem hver og einn kann helzt að kjósa. Þetta frelsi, sem nú hefur verið í fjötra lagt um skeið, er fyrsta frumskilyrði þess, að í landinu verði endurreist heilbrigð verzlun og verðlag. Meðan þetta frelsi, þessi réttur hvers einstaklings í landinu er fótum troðinn, getur afleiðingin aldrei orðið önnur en sú, er nú blasir við í verðlags- og verzlunarmálum Íslendinga.

Annað atriði, sem gera þarf til þess að heilbrigð verzlun komist á, er að skömmtunin, sem nú er framkvæmd, verði eitthvað meira en nafnið og hafi stjórn á jafnri vörudreifingu í landinu.

Til þess að koma skömmtuninni í heilbriggt horf má auðvitað ekki gefa út meira af skömmtunarseðlum en vörur eru til fyrir, eða verða innan skamms eftir að seðill er afhentur neytanda. Þessi regla mun hafa verið haldin alls staðar þar, sem skömmtun hefur verið framkvæmd erlendis, enda grundvallaratriði hennar. Hér á landi hefur hún verið þverbrotin, svo sem landsmönnum öllum er kunnugt, enda hafa afleiðingarnar, okur, svarti markaður og önnur óreiða, siglt í kjölfarið.

Úr þessu mætti bæta með því að ákveða, að skömmtunarseðlar einstaklinga séu jafnframt innflutningsheimildir, svo sem gert er ráð fyrir í frv. um breyt. á l. nr. 70 1947, um fjárhagsráð og innflutningsverzlun, sem liggur fyrir þessu þingi á þingskj. 37. Sama marki mætti og ná með því að veita smásöluverzlunum svo rifleg byrjunar-innflutningsleyfi, að þær geti fengið við sölu þeirra vara tækifæri til að ná í skömmtunarseðla frá flestum eða öllum einstaklingum, sem við þær vilja skipta, og láta síðan skilaða skömmtunarseðla frá smásöluverzlunum gilda sem innflutningsleyfi fyrir þær.

Með hvorri sem er af þeim tveim aðferðum, sem hér er bent á, er hægt að varðveita verzlunarfrælsi þegnanna innan þeirra innflutningshafta, sem nauðsynleg virðast vera fyrst um sinn.

En það frælsi er eins og fyrr greinir grundvallaratriði þess, að heilbrigðri verzlun verði á komið, sem aftur er undirstaða þess, að atvinnumál þjóðarinnar og fjármál rétti að nýju við úr þeirri úlfakreppu, sem þau eru í komin.

En þótt framkvæmd þess, sem nú er rakið, sé fyrsta skilyrði til þess að fyrirbyggja sjúkdóma verzlunarólagsins — og þó að þessi breyting væri gerð, þyrfti þó aðhald, — þá rís spurningin um það, hvernig það aðhald verði bezt og örugglegast framkvæmt. — Þegar ráðstafanir verða gerðar til þess, að framleiðslukostnaður útflutningsvöru okkar sé í samræmi við verðið, sem fyrir hana fæst, er hætt við, að þær skerði í bráðina lífskjör almennings, og er því skylt að gera allar þær ráðstafanir, sem eru í valdi löggjafans, til þess að draga úr þeirri kjaraskerðingu eða koma í veg fyrir hana. Þetta verður fyrst og fremst að gera með heilbrigðri verzlun og réttlátara verðlagi en nú er. — Og landsmenn verða að fá alla þá tryggingu, sem unnt er að veita þeim, fyrir því, að að þeir séu ekki arðrændir, tryggingu fyrir því, að verðlagið sé réttlátt. Með því einu móti má krefjast þess með sanngirni og vænta þess, að almenningur verði við þeirri kröfu, að styðja og taka þátt í því að snúa við á leiðinni niður og hefja í þess stað viðreisnarstarf, sem raunar nú þegar þolir engan frest, ef bjarga á þjóðinni frá fjárhagslegri glötun.

Nú er verðlagseftirlitinu þannig háttað samkvæmt ákvæðum laga nr. 70 frá 1947, um fjárhagsráð o. fl., að verðlagsstjóri ásamt starfsmönnum hefur með höndum verðlagseftirlit. Ríkisstjórnin skipar verðlagsstjóra, en hann ræður sér trúnaðarmenn og aðra starfsmenn til eftirlits. Fjárhagsráð á að vísu að gera tillögur um skipun verðlagsstjóra, En meðan það eru ekki umboðsmenn neytendanna í landinu, sem ráða skipun verðlagsstjóra og hverjir eru eftirlitsmenn hans, er það undir hælinn lagt, hvort verðlagsstjóri velst þannig og starfslið hans, að hann sé umboðsmaður neytendanna í landinu frekar en hins aðilans, sem hann á að hafa eftirlit með. Í þessu kerfi, sem nú gildir, er því engin eða ekki næg trygging fyrir neytendum í landinu. Það getur lánast, en það getur líka alveg eins mistekizt. Vegna þess að því er að einhverju leyti treyst eða hefur verið treyst, getur það orðið skálkaskjól og unnið gegn tilgangi sínum.

Það þykir því rétt að veita neytendum mikla íhlutun um verðlagningu og fulla íhlutun um verðlagseftirlit, með því að fá þeim í hendur vald til að velja verðlagsstjóra og trúnaðarmenn hans.

Neytendur geta þá engan um það sakað nema sjálfa sig, ef verðlagning og verðlagseftirlit er slælega framkvæmt. En hagsmunir neytendanna ættu að tryggja það, að val verðlagsstjóra og eftirlitsmanna hans yrði vel vandað og framkvæmd í samræmi við það. Það má auðvitað hugsa sér ýmsa fulltrúa neytendanna, sem falin væri þessi tilnefning. Í frumvarpinu hafa orðið fyrir valinu Stéttarsamband bænda, Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Kvenfélagasamband Íslands. Mundu stjórnir þessara sambanda tilnefna einn mann hver í fjögurra manna nefnd, er annaðist tilnefninguna.

Með þessum hætti teljum við, að réttlát verðlagning og verðlagseftirlit sé tryggt svo sem verða má.

En þótt eftirlit sé gert fullkonnara, má þó búast við brotum, sem kæra verður, rannsaka og dæma í, að þeirri rannsókn lokinni.

Almenningur telur, að furðu hljótt hafi verið um þennan málarekstur — og það um of. Til þess að almenningur geti haft tryggingu fyrir því, að mál út af verðlagsbrotum séu samvirkulega rekin, þykir rétt að veita neytendum vald til að tilnefna meðdómsmenn, er dæmi í verðlagsmálum með hinum almenna dómara, líkt og nú tíðkast í sjórétti.

En auk þess þykir ástæða til að búa ennþá rammbbyggilegar um hnútana. Til þess að sem flestir landsmenn fái tækifæri til að fylgjast með rekstri þessara mála, sem svo mjög skipta hag hans beint og óbeint, þykir rétt að ákveða, að málsmeðferð öll sé rekin fyrir opnum dyrum, nema dómurinn ákveði annað. Enn fremur að dómar séu birtir.

Loks er ákveðið í frumvarpinu að þyngja refsingar mjög frá því, sem nú er, og gera refsíákvæði ótvíræðari en verið hefur.

Brask með erlendan gjaldeyri, svartur markaður og vöruokur eru nú einna alvarlegustu þjóðfélagsmeinsmdir, þar sem þjóðin hefur hrakizt út í fen verðbólgunnar og skortur er á erlendum gjaldeyri.

Þeir þegnar þjóðfélagsins, sem auðga sig á gjaldeyrisbraski, svörtum markaði, vörukri og öðru slíku, drýja þau auðgunarafbrot, sem eru þjóðfélaginu einna hættulegust eins og á stendur.

Þess vegna á að refsa þessum mönnum eins þunglega og sízt mildara en öðrum þeim, sem önnur þjóðhættuleg auðgunarafbrot fremja. Og þetta á að gera opinbert öllum almenningi. Auðvitað á jafnframt, ef brot þessara manna eru stór eða endurtekin, að svipta þá rétti til verzlunar eða iðnaðar um skemmri tíma eða ævilangt. Það er fjarstæða að sýna þessum mönnum, sem þannig brjóta af sér, þann trúnað að veita þeim innflutnings- og gjaldeyrisleyfi eða leyfi til að reka stærri iðnað.

Ef frumvarp þetta verður að lögum og ákvæðum þess sæmilega framfylgt, mundi það gerbreyta til bóta, á stuttum tíma, því ómurlega ástandi, er ríkir í verðlagsmálum Íslendinga á tuttugustu öldinni. En til þess að þetta frumvarp, ef að lögum verður, nái fyllilega tilgangi sínum, þarf auðvitað fyrst og fremst að veita landsmönnum það verzlunarfrelsi, sem þeir hafa verið rændir svo greypilega og með þeim ómurlegu afleiðingum, sem af því hafa hlotizt — og einatt hljóta að verða af slíkum verknaði.

Ef sá háttur væri upp tekinn, er að framan er rakinn, þykir mega fullyrða, að verðlagsbrot yrðu stórum færri en nú er. Með tilliti til þess þykir óhætt að ákveða, að meðdómendastarf í verðlagsdómi skuli unnið án endurgjalds.

Flutningsmenn gera sér ljóst, að ýmissa viðtækari breytinga er þörf, enda hefur frumvarp þess efnis legið fyrir þinginu í allan vetur. En frumvarp þetta mundi þó valda straumhvörfum, og með því að flytja það fæst úr því skorið, hvort áhugi er til fyrir því meðal þingmanna að gera verzlun og verðlagseftirlit heilbrigðara með því að láta almenning ráða eftirlitinu — í stað stjórnskipaðra nefnda og embættismanna, sem almenningur ræður engu um, hverjar eru og hvernig rækja það starf, sem þó á að vera fyrir hann unnið.

Flutningsmenn vilja að lokum taka það fram, að takmarkið er ekki fyrst og fremst verðlagseftirlit og þungar refsingar, ef verðlagsbrot eru framin. Takmarkið er svq heilbrigð verzlun, að í henni sjálfri felist nóg trygging fyrir almenning — án þess að ríkið kosti opinbert eftirlit. En meðan verðlagseftirlit helzt, vegna illrar nauðsynjar, verður að koma því svo fyrir, að það sé sem öruggast.

Vonandi ber þjóðin gæfu til að koma verzlunarmálum sínum sem fyrst í það horf, að það eftirlit, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verði afnumið með öllu.